

20. fundur Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn mánudaginn 3. september 2019 í fjarfundi.

Fundurinn hófst kl. 13:30.

Á fundinn eru mættir Björn Ingimarsson, Anna Alexandersdóttir, Hannes Karl Hilmarsson, Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson, Gauti Jóhannesson, Þorbjörg Sandholt, Hildur Þórisdóttir, Elvar Kristjánsson og Aðalheiður Borgþórsdóttir.

Róbert Ragnarsson sem ritaði fundargerð.

Björn bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Lykilskilaboð

Umfjöllun haldið áfram frá síðasta fundi. Farið var yfir lykilskilaboð fyrir kynningu tillögunnar að teknu tilliti til ábendinga sem komu fram á síðasta fundi.

Skjalið var samþykkt með óverulegum orðalagsbreytingum og H:N markaðssamskiptum falið að hefja gerð kynningarefnis m.a. fylgirits með Austurfrétt.

Umræða um skipulag og framkvæmd íbúafunda sem fara fram 7. -10. október.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 14:15.